

ARI PÁLL KRISTINSSON

## Saga máls og samfélags

*Pankar í tilefni af útgáfu norskrar málsögu*

### 1. Inngangur

Útgáfa nýju norsku málsögunnar<sup>1</sup> minnir íslenskan lesanda á að enn vantar ítarlegt, samstætt og nútímalegt íslenskt málsögurit. Í greininni er sagt frá ýmsum hliðum hins nýútkomna rits. Þar á meðal er sitthvað sem hafa má í huga ef, eða öllu heldur þegar, ráðist verður í sambærilega söguritun um íslensku.<sup>2</sup>

Fræðilega norska málsöguritun hefur fram til þessa einkum verið að finna hjá Indrebø (1. útg. 1951) fram til miðrar 19. aldar, hjá Seip (1. útg. 1931) fram undir 1400 og hjá Haugen (1966a) um fyrstu tvo aldarþriðjunga 20. aldar eða tæplega það. Útgáfa *Norsk språkhistorie I–IV* (2016–2018) sætir því tíðindum þar sem Norðmenn hafa ekki fyrr átt vísindalegt heildarrit um alla sína málsögu — og í hinu nýja verki er tungunni og sambandi máls og samfélags lýst frá mörgum sjónarhornum. Ritið hafði verið í undirbúningi frá árinu 2008 sem samstarfsverkefni fræðimanna í norænum fræðum og tungumálum í norskum háskólum.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Helge Sandøy og Agnete Nesse (aðalritstj.). 2016–2018. *Norsk språkhistorie I–IV* (I. Mønster 2016, II. Praksis 2018, III. Ideologi 2018, IV. Tidslinjer 2018; 681 + 698 + 548 + 798 bls.). Novus, Osló.

<sup>2</sup> Ég þakka ritstjórum og ónafngreindum ritrynum *Íslensks máls* fyrir góðar ábendingar og athugasemdir.

<sup>3</sup> Ritnefndina skipuðu Tove Bull, Brit Mæhlum, Agnete Nesse, Helge Sandøy, Michael Schulte, Inge Særheim og Lars S. Vikør; sá síðastnefndi kom inn í stað Kjartans G. Ottóssonar sem lést 2010. Auk aðalritstjóra verksins alls (Nesse og Sandøy) hefur hvert bindi jafnframt sérstakan ritstjóra sem eru Helge Sandøy (I. bindi); Brit Mæhlum (II. bindi); Tove Bull (III. bindi); Agnete Nesse (IV. bindi). Höfundar efnis í I. bindi eru þrettán talsins, í II. bindi tuttugu manns, í III. bindi sjö og í IV. bindi átta höfundar. Í sumum tilfellum ritar sami höfundur kafla í fleiri en eitt af bindunum fjórum. Til að veita innsýn í samsetningu hópsins má nefna sem dæmi eftirtalda höfunda: Unn Røynealand, Lars S. Vikør, Jan Ragnar Hagland, Hans-Olav Enger, Gjert Kristoffersen, Odd Einar Haugen, Endre Mørck og Michael Schulte. Ritstjórnir sjálfir rita einnig ákveðna kafla, um sérsvið sín.

Í umfjölluninni hér á eftir er komið að viðfangsefninu úr tveimur áttum. Litið er yfir heildardrættina í nýja ritinu og síðan gripið niður hér og þar og fjallað nánar um fáeina staka þræði (2. kafli). Vissir efnisþættir málsögunnar gáfu mér auk þess tilefni til sérstakra undirkafla. Í 3. kafla fjalla ég nokkuð um málviðhorf og málstýringu. Svolítið er rætt um heiti tungumála og ákveðinna skeiða í sögu málanna í 4. kafla. Mér þykir áhugavert hvað slíkir „merkimiðar“ geta sagt okkur um sýn (hins ráðandi hluta) samfélagsins á tungumálin og málstigin sem menningarlegar stærðir. Undir lokin vikur sögunni að skýringarefni sem boðið er upp á í *Norsk språkhistorie I–IV*, frágangi og slíku (5. kafli). Ég slæ botn í greinina með fáeinum lokaorðum.

Í greininni er sem sagt horft annars vegar á viðfangsefni ritsins alls, markmið þess, megininkenni, val á efni og hvernig ritstjórar nálgast viðfangsefnið — og hins vegar skoða ég örfáa efnisþætti örlítið betur (sjá hér fyrir ofan) og þá einkum frá íslensku sjónarhorni.

Það er ekki ætlun mín í þessari grein að fara neitt ofan í saumana á umfjöllun höfundanna um einstök atriði þeirra formbreytinga sem orðið hafa í norsku málkerfi. En hvort heldur litið er til hljóðkerfis-, beyginga- eða setningafræði er vitaskuld af miklu að taka í norska málsöguritinu sem þarf að rýna í og hafa til hliðsjónar og samanburðar þegar að því kemur að semja fjölþætta og ítarlega íslenska málsögu.

## 2. Markmið og megininkenni norsku málsögunnar

### 2.1 Almennt

Í formála verksins (I:9)<sup>4</sup> kemur fram að stefnt hafi verið að því að *Norsk språkhistorie I–IV*

- yrði vísindaleg málsaga og nútímalegt uppsláttarrit,
- myndi lýsa og útskýra þróun talaðrar og ritaðrar norsku frá elstu tíð í rúnaheimildum og fram til nútímans,
- gæfi nýja innsýn í samband máls og samfélags í Noregi og miðlaði nýjum skilningi á því hvernig því sambandi væri háttað,
- stuðlaði að umhugsun og umræðu um tungumál, breytileika í máli og málbreytingar,

<sup>4</sup> Hér er vísað til einstakra binda ritsins með rómverskum tölum frá I upp í IV. Tvípunktur táknar blaðsíðutal. Stundum er ástæða til að tilgreina númer einstakra kafla, eða undirkafla, og eru kaflanúmer þá aðgreind frá bindisnúmerinu með kommu (III,4 = þriðja bindi, fjórði kafli).

- yki skilning á því hvernig málið hefði átt þátt í að móta sjálfsmynd Norðmanna gegnum tíðina,
- fjallaði um tungumálið í sem víðustum skilningi frá mörgum sjónarhornum, þ.e. tæki í senn tillit til málkerfis, málnotkunar og félagslegs samhengis,
- gerði einnig grein fyrir öðrum málum en norsku sem eiga langa sögu í Noregi, í því skyni að veita innsýn í sambýli mismunandi málsamfélaga og áhrifin sem önnur mál hafa haft á norsku fyrr og síðar.

Í ritinu er norsk málsaga þannig m.a. skoðuð sem hluti af sögu lands og þjóðar og í ljósi samfélagsbreytinga. Eitt meginstef nálgunar ritstjórnar og höfunda er að tungumálið sé í eðli sínu miklu meira en form; það sé jafnframt og ekki síður ákveðin menningarleg stærð í samfélaginu (no. *kulturobjekt*). Umfjöllun um viðhorf málnotenda til málsins — sem og áhrif tungumálsins sem menningarfyrirbæris á málnotendurna — sé hluti þess að rannsaka málformin og breytingar á þeim og segja þá sögu.

Segja má að lesendur úr flestöllum geirum málvísinda fái nokkuð við sitt hæfi í *Norsk språkhistorie I–IV*. Þetta er handbók sem rekur breytingar sem orðið hafa á öllum sviðum málkerfisins. Þá er fjallað um mállyskumun og um breytingar á málnotkun í ólíkum textategundum. Hugað er sérstaklega að samspili máls og samfélags, að málvistkerfi norskunnar, málpólitík og hugmyndafræði.

## 2.2 Þemaskipting og línuleg frásögn

Fyrstu þrjú bindin, I–III, eru þematengd eins og nöfn þeirra benda til: I *Mønster* — um málkerfið; II *Praksis* — um málnotkun; III *Ideologi* — um málviðhorf og tungumálið sem samfélagsafl og sem menningu.

Þessi þrískipting er vitaskuld engin tilviljun heldur er hún byggð á þeirri aðferðafræði ritstjórnar að nálgast tungumálið úr einmitt þessum áttum: „Desse tre temabinda har vi valt å dele inn etter ulike tilnærmingar til fenomenet språk: språkstrukturen, språkbruken og språkideologien“ (I:9).

Eins og síðan má ráða af titli fjórða og síðasta bindisins, *Tidslinjer*, er málsagan í heild rakin þar í einhvers konar tímaröð að því marki sem ritstjórnar töldu heppilegt og rökrétt í hverjum efnisþætti.

Þessi uppbygging verksins (þ.e. skipting í þemabindi og yfirlitsbindi) hefur ýmsa kosti. Þannig er hægt að kynna sér t.d. beygingarsöguna út af fyrir sig, óski maður þess, eða hugmyndasöguna sérstaklega, sé það áhersluatriði efst á dagskrá viðkomandi lesanda. Þeir sem mestan áhuga hafa á til-

teknu sviði, segjum hljóðkerfi eða setningafræði eða samtalsgreiningu, svo að nokkur dæmi séu tekin af handahófi, eiga auðveldan aðgang á einum stað að miklum upplýsingum um bæði kenningar og norsk dæmi með viðeigandi skýringum eftir efnum og ástæðum í hverju tilfalli. Ritið veitir þannig færi á að kynna sér í þaula sögu afmarkaðra þátta norskunnar, í fyrstu þremur bindunum. Lokabindið er síðan þannig úr garði gert að hægt er að rekja sig nokkuð greiðlega áfram í tímaröð fram til dagsins í dag.

### 2.3 *Svið tungumálsins og tenging við kenningar*

Kaflinn um beygingar- og orðmyndunarfræði, eftir Hans-Olav Enger, hefst á nokkurs konar „málsvörn morfólógs“:

Dette kapitlet er skrevet ut fra en forutsetning om at morfologien er del av språksystemet på linje med fonologi og syntaks, og at den fortjener sjølsten- dig behandling. Denne forutsetningen er ikke ny, men den er omtvistet. Innafor en del amerikansk språkvitenskap har det vært en utbredt oppfat- ning at en del av det som tradisjonelt ble regnet som morfologi, kunne be- handles under fonologien, og det øvrige under syntaksen. (I:215)

Enda þótt titill fyrsta bindisins, *Mønster*, gæti bent eingöngu til „hefð- bundinnar“ sögu hljóðkerfis, beyginga og orðmyndunar, setningafræði og orðaforða, þá geymir bindið einnig áhugaverðan kafla um texta og texta- tegundir enda sjá höfundar þá þróun sem hluta af sögu tungumálsins sem forms og hún eigi því heima í þessu *Mønster*-bindi.

Markmið kafla I. bindisins um texta (tegundir) er m.a. að sýna „de tids- typiske bruksmåtene og de stilistiske uttrykkene“ (I:511). Þar eru sýnd og útskýrð dæmi um ólíkar textategundir á mismunandi tímabilum: Gula- þingslög, Norska hómilíubókin, Heimskringla og svo framvegis. Meðal textategunda frá síðari tímum eru kennslubækur m.a. tilfærðar sem dæmi. Þá er fjallað t.a.m. um umræður stjórnámálanna á okkar tímum. Í því sambandi eru m.a. raktar breytingar sem tengjast hlutverki fjölmiðla í samfélaginu og þeirri auknu „nánd“ stjórnámálanna og kjósenda sem útvarps- og sjónvarpsviðtöl kölluðu á. Í II. bindi eru reyndar einnig fróð- legir kaflar um mál í útvarpi og sjónvarpi og þróun í þeim textategundum og rætt er um ritun í stafrænum miðlum í dag (SMS, blogg, tíst o.s.frv.). Þar er og sérkafla um óformlegt talmál (slangur, háttaryrði o.fl.) og annar um mál í sérgreinum og iðorðastarf.

*Norsk språkhistorie I–IV* hefur þann kost að kenningum um mál, mál- notkun og málþróun eru gerð skil jafnframt því sem rakin er þróun

norskrar tungu, fjallað um notkun hennar og greint frá hugmyndum málnotenda um hana. Þetta er oft og víða í ritverkinu tengt kenningarlegum grunni. Bindin fjögur eru þannig hvort tveggja í senn brunnur fróðleiks og rannsóknarniðurstaðna um norska málsögu, málnotkun og viðhorf — og jafnframt í raun almennt málvísindalegt rit sem spannar vítt svið. Sem dæmi um það sem nú var nefnt mætti taka kafla eftir Agnete Nesse í I. bindi, „Kontakt: Universelle tendenser når flere språk møtes“ (I,1.10:72–85). Þar fjallar Nesse um málsambýli almennt, kenningar um slíkt og sýnir dæmi, og síðan er vikið að norskum aðstæðum með dæmum. Áhrifin eru rakin í sérúmfjöllun um svið málsins, hljóðkerfi, setningar o.fl., og rætt um tilteknar formdeildir, svo sem kyn og ákveðni. Sagt er frá sambýli norsku gegnum tíðina við rússnesku, samísku, finnsku, ensku, lágþýsku og loks við ýmis minnihlutamál á allra síðustu árum, t.a.m. í Osló.

#### 2.4 Viðhorf til máls og málsögu

Það er e.t.v. tímanna tákni að í málsögu sem kemur út á 21. öld er heilmiklu rúmi varið til að fjalla um viðhorf fólks til máls. Bæði er lögð áhersla á hugmyndir málnotenda um hlutverk málsins í samfélaginu og á málið sem hluta af sjálfsmynd einstaklinga og hópa. Þetta er mikill kostur. Og einnig er augljóst af textanum — ekki síst í III. bindi, *Ideologi* — og öllu skipulagi verksins að höfundar og ritstjórar hafa verið vakandi fyrir því að þeirra eigin afstaða til sögunnar hefur óhjákvæmilega áhrif á það hvernig sagan er skoðuð og þar af leiðandi hvernig hún er rituð og sett fram.

Vönduð umræða er í III. bindinu um hugtök í þessu sambandi. Lagðar eru fram skilgreiningar og skýringar á hugtökum, ekki síst þeim sem eru vægast sagt erfið viðureignar, svo sem *ideologi* og *språk*. Óhætt er að segja að hér sé ekki hlaupist undan merkjum með því að skauta lauslega yfir grundvallaratriðin. Nytsemi þess að leggja slíka áherslu á viðhorf eða „hugmyndafræði“ (sbr. heiti III. bindis, *Ideologi*) er reyndar ekki einungis fólgin í því að gera hugmyndasögunni sem slíkri skil þótt það sé auðvitað aðalatriðið. Með þessu skapast einnig vettvangur fyrir umræðu um viðhorf og forsendur þeirra sjálfra sem að verkinu standa. Þau útskýra t.d. vel hvers vegna umfjöllun um önnur mál en norsku sé gert hátt undir höfði í þessari nýju „norsku“ málsögu, og þá má einnig nefna í þessu sambandi umræðu um og skýringar á þeirri grundvallarhugmynd að nálgast málsöguna úr þremur mismunandi áttum eins og rakið var í 2.2; þ.e. að fjalla um málið sem form, um málið í notkun og loks um hugmyndir um mál sem fyrirbæri í samfélaginu og viðhorf til þess.

Vitaskuld er ekki hægt að skrifa málsögu, fremur en önnur söguleg rit, án þess að velja og hafna einstökum efnisatriðum, fara tiltekna leið en ekki aðra við að leita skýringa á breytingum sem orðið hafa o.s.frv. Það er m.ö.o. óhjákvæmilegt að reynsla, hugmyndir, aldur og annar bakgrunnur þeirra sem rita söguna setji mark sitt á söguritunina — eflaust án þess að þau geri sér endilega sjálf grein fyrir eigin viðhorfum og hvernig afstaðan kynni að lita efnistökin. Í stað þess að lesendur þurfi að ráða í dulda eða óyrta afstöðu ritstjóra og höfunda er leitast við að koma opinskátt að þeirri umræðu, m.a. með því að helga málviðhorfum sérstakt bindi (*Ideologi*).

### 2.5 Önnur tungumál en norska og norska sem annað mál

Ástæða er til að geta sérstaklega um þá nálgun í II. bindi (*Praksis*) að leggja áherslu á að gera grein fyrir öðrum tungum sem skipt hafa máli, fyrr og síðar, fyrir norskt málsamfélag og norsku (sbr. einnig kafla I,1.10 eftir Nesse sem getið var um í 2.3 hér á undan). Sjötti kafli II. bindis, um 110 bls. að lengd, nefnist einfaldlega „Andre språk i Noreg“ og er efni hans lýst svo:

Dette kapitlet handler om norsk i møte med andre språk og drøftar kva innverknad desse språka har hatt på norsk språk, og også kva dei har hatt å seie i Noreg utan nødvendigvis å ha påverke norsk. (II,6:419)

Sérstakir undirkaflar eru síðan helgaðir þeim málum og málafjölskyldum sem hafa nú eða fyrr haft mesta þýðingu, þ.e. finnsk-úgrískum málum og þá einkum samískum málum, latínu og grísku, miðlágþýsku, ensku (fyrr og nú), norskri rómísku og vlakrómísku og loks norsku táknmáli. Nokkurra annarra tungumála er afar stuttlega getið; keltnesku, frísnesku, engilsaxnesku, frönsku, háþýsku, hollensku, sænsku og dönsku. Hér er m.ö.o. verið að rekja málsambýli norsku og annarra mála og þetta er gert sem mikilvægur og eðlilegur hluti norskrar málsögu.

Eins og sjá má í upptalningunni hér á undan skipar danska í raun fátæklegan sess í kafla II,6. Fjallað er um dönsku í örstuttum undirkafla (II,6.1.2.9:426–428), sameiginlega með sænsku. Það verður að segjast eins og er að rýr hlutur dönskunnar æpir hér á lesandann — í kafla sem fjallar um „önnur mál í Noregi“. Auðvitað leynist skýring á þessu; í undirkaflanum um sænsku og dönsku er vísað stuttlega til þess að fjallað sé um dönsku gagnvart norsku annars staðar í verkinu (í III,3 og IV,6). En það verður að teljast einkennilegt að í hinni almennu lýsingu á meginefni kaflans um „önnur mál í Noregi“ (II,6:419) skuli ekki koma strax og greinilega

fram hvar og hvernig gerð er grein fyrir dönsku í *Norsk språkhistorie*; dansk-  
an hefur algjöra sérstöðu þegar kemur að áhrifum á norskt mál og samfélag.

Kafla II,7 nefnist „Norsk som andrespråk“. Mér þykir hann furðulega  
stuttur (um 27 bls.) í samanburði við marga aðra kafla í verkinu og auk  
þess fjallar hluti hans raunar um norsku í Vesturheimi. Þetta vekur svo-  
litla undrun þar sem norska með hreim og innflytjendanorska er afar  
áberandi þáttur norskrar málnotkunar nú á tímum. Í kafla sem samkvæmt  
yfirskriftinni er helgaður norsku sem öðru máli hefði lesandi vænst meiri  
umfjöllunar um rannsóknir á norskunámi og á norskunotkun innflytj-  
enda og annarra sem tileinka sér norsku sem annað mál.

### 3. Málviðhorf og málstýring

#### 3.1 Málpólitik og málstaðlar

Eins og vikið var að í 2.1 fjallar *Norsk språkhistorie I–IV* heilmikið um  
málfélagslega hliðina, málhugmyndafræði og hið menningar- og sam-  
félagslega hlutverk tungumálsins. Þetta kemur skýrast fram í því að III.  
bindið (*Ideologi*) er sérstaklega helgað málhugmyndum. Þar að auki eru  
ítarlegir kaflar um samband máls og samfélags í hinum bindunum. Hér  
má nefna t.d. kafla IV,8 og IV,9 í lokabindinu *Tidslinjer*. Þeir kaflar eru  
helgaðir sögu málsamfélagsins og málstefnu í Noregi, annars vegar árin  
1905–1945 (kafla Gro-René Rambø) og hins vegar 1945–2015 (kafla Lars  
S. Vikør). Rambø rekur m.a. áhrif nasistastjórnarinnar á stríðsárunum á  
starfsemi annars vegar nýnorskufólks og hins vegar talsmanna ríkismáls.  
Þáttur heimsstyrjaldarinnar í málsögunni hlýtur að teljast athyglisverður.<sup>5</sup>  
Enda þótt Vikør bendi á að tímabilið 1945–2015 sé of „nálægt“ til að gott  
sé að átta sig á þróuninni, í samanburði við umfjöllun um eldri skeið, þá  
hefur það mikla kosti að einmitt hann geri þessum tíma svo ítarleg skil;  
hér hefur einn helsti kunnáttaður Norðmanna um málstefnu ritað um  
skeið sem hann gjörþekkir. Vikør hefur djúpan fræðilegan skilning á  
málstefnu sem fyrirbæri eins og lesendur mega sjá, og það kemur ekki síst  
fram í kafla hans í III. bindinu, „Standardspråk og normering“ (III,4).

Ritstjóri III. bindis, Tove Bull, segir í inngangskafli að aldrei hafi verið  
langt milli málfræði og málpólitíkur í norskum málsöguritum (III:31). En  
höfundarnir sem skrifa nýju norsku málsöguna leitast greinilega við að

<sup>5</sup> Til samanburðar koma hér upp í hugann viðbrögð íslenskra mennta- og stjórn mála-  
manna við komu bresku, kanadísku og bandarísku hermanna til Íslands (sjá Ara Pál  
Kristinsson 2012).



lýsa málpólitíkinni og áhrifum hennar hlutlaust og með sjónarhorni áhorfandans enda þótt a.m.k. sumir þeirra hafi á löngum ferli meðal annars verið virkir þátttakendur í málstefnu og málstýringu í Noregi, m.a. sem starfsmenn eða nefndarmenn í Norsku málráði. Þetta á m.a. við um þau Bull, Sandøy og Vikør.

Kafli Vikørs, „Standardspråk og normering“ (III,4), er fyrirtaksdæmi um það hvernig kenningar og skilgreiningar eru hafðar sem fræðilegur grunnur undir hina norsku málsögu sem sögð er, eins og vikið var að í 2.3 hér á undan. Vikør tekst að greina og skýra margvísleg hitamál sem brunnið hafa á norskum málstýrendum og málsamfélagi án þess að trana fram eigin viðhorfum. Meginstyrkur kaflans liggur ekki síst í greiningu Vikørs á helstu hugtökum sem hann skýrir með dæmum. Hann skilgreinir t.a.m. vendilega hugtakið *viðmið*, *norm* (III,4:331–335), og undirhugtakið *språknorm* sérstaklega, sem og margvíslegar undirtegundir þess (*formelle, uformelle; empiriske, internaliserte, operative; fastsette, føreskrivne/ reskriptive*), ásamt því að gera grein fyrir muninum á hugtökunum *standard* og *norm*. Skilgreining Vikørs á *språknorm* hljóðar svo: „mønster eller mål-estokk for kva som er akseptabel resp. uakseptabel språknbruk“ (III, 4:333). Þættir úr norskri málrækt og stöðlun eru síðan raktir og skýrðir með tilvísun til hugtaka og skilgreininga.

Vikør nýtir ekki hvað síst greiningu Haugens (1966a,b og síðar) á fjór-um þrepum í þróun staðlaðra þjóðtungna (1. val á málbrigði/viðmiði, 2. skráning/málstöðlun, 3. framkvæmd, 4. málaudgun/ræktun) og fylgir henni kerfisbundið og nákvæmlega kafla fyrir kafla.<sup>6</sup> Greining Haugens á þessum skrefum hefur verið notuð við lýsingu á málrækt og þróun ýmissa tungna (sjá t.d. Deumert og Vandenbussche 2003, Vikør 2007, Coupland og Kristiansen 2011). Um íslensku sérstaklega má einkum benda á Kristján Árnason (2002, 2003) sem styðst við þrepagreiningu Haugens (1966a,b) við lýsingu á tilurð íslensks málstaðals. Kristján benti í því sambandi m.a. á að val á viðmiði virðist ekki hafa verið vandasamt ferli þegar farið var að rita á Íslandi á 12. öld. Hann telur að byggt hafi verið á einu málafríðri með rætur í munnlegri geymd. Í raun og veru má segja að á miðöldum hafi ritun bæði Norðmanna og Íslendinga stuðst við hið sama viðmið — og á þeim grunni er íslenskt ritmál reyndar reist enn þann dag í dag — en síðari alda þróun varð með gerólíku sniði í löndunum tveimur.

<sup>6</sup> Þeir eru: III,4.5.1: „Normgrunnlaget for moderne bokmål og nynorsk“; III,4.5.2: „Kodifisering“; III,4.5.3: „Implementering“; III,4.5.4: „Utvikling av språket til nye funksjonar: Terminologi og ordtilfang“.



Það er vitaskuld nærtækt að fylgja Haugen (1966a,b) við greiningu á þessum þáttum norskrar málsögu; hugmyndir hans mótuðust við athuganir hans á norsku málsamfélagi, málstýringu og málþróun. Í þessu felast engin nýmæli í nýja verkinu; auk rita Haugens sjálfs má t.a.m. nefna bókarkafli Jahrs (2003) og bók Vikørs (2007) þar sem norska málstöðlunar-sagan er rakin nákvæmlega í samræmi við fjögur þrep Haugens.

Í norsku málsögunni nýtir Vikør (III,4) fyrri rannsóknir sínar og lesandi finnur hér margt kunnuglegt úr bók hans um meginsjónarmið og framkvæmd í málstýringu (Vikør 2007), svo sem um mismunandi tegundir viðmiða, hugmyndir um rétt og rangt í máli, greiningu á meginsjónarmiðum sem farið er eftir í málrækt og málstöðlun fyrr og síðar, um greiningu Haugens, formstýringu og stöðustýringu o.m.fl. Á 19. öld og síðar þróuðust tveir ritmálsstaðlar í Noregi sem byggðust á ólíkum málbrigðum: Bókmálið á sínar rætur í dönsku ritmáli með norskum framburði og tónfalli.<sup>7</sup> Nýnorskan sækir á hinn bóginn sitt grunnviðmið til mállýskna til sveita, ekki síst í Vestur-Noregi, og til norrænu. Það var nokkuð flókið verkefni að koma upp „alveg norsku“ ritmáli sem gæti veitt hinu danska (síðan danskættaða ríkismáli/bókmáli) alvöru samkeppni, enda var ekki hægt að byggja á einu og samstæðu talmáli. Ivar Aasen (1813–1896) lagði upp með þá hugmynd að bera kerfisbundið saman annars vegar norrænu og hins vegar mismunandi mállýskur (einkum vesturnorskar) og draga fram sameiginleg einkenni. Sameiginleg grunneinkenni skyldu liggja til grundvallar við gerð ritmálsviðmiðs. Í þessu liggja rætur nýnorsku. Hugmyndin var reyndar jafnframt að ritmálsstaðallinn gæti orðið grunnur að talmálsviðmiði óháð einstökum mállýskum (no. *overdialektal talemálsnorm*).

Þróun ritmálsstaðlanna er eitt dæmi af mörgum um það hvernig íslenskur lesandi nær skarpari sýn á eigið mál og málsögu við að kynna sér hina norsku. Það er merkilegt hve ólíkar leiðir jafn skyld mál og íslenska og norska hafa mátt fara við að skapa sér málstaðla.

<sup>7</sup> „Bokmålet er ikkje eit skriftspråk som har utvikla seg eller blitt utvikla på eit sjølvstendig normgrunnlag. Det er ei særutvikling av skriftspråket dansk og den skriftmålsbaserte høgtidstalen som var basert på ein bokstavrett uttale av dansk med norsk fonetikk og prosodi. Sidan den norske fonetikken og prosodien da som no var ganske ulik i ulike landsdelar, må vi rekne med at det fanst mange variantar av dette talemålet, men den segmentale fonetikken kunne av alle tilpassast det danske ortografiske systemet, og det ser ikkje ut til at dei regionale uttaleskilnadene spela ei altfor stor rolle“ (III,4.5.1.2:368).

### 3.2 Málhreinsun af ýmsu tagi

Hreintunguhyggju má skilgreina misjafnlega vítt eða þröngt. Mér virðist afmörkun hugtaksins í *Norsk språkhistorie* vera í þrengra lagi. Ég hef aftur á móti hallast að fremur víðri skilgreiningu, frá Thomas (1991:12),<sup>8</sup> þar sem gert er ráð fyrir að hreintungustefna geti m.a. beinst að mismunandi mállyskum og málsniðum sama máls, þ.e. ekki þurfi endilega að vera um það að ræða að hafna meintum erlendum áhrifum heldur einnig innlendum þáttum sem álitnir eru óæskilegir. Tala má um ytri málhreinsun sem beinist að erlendum áhrifum og innri málhreinsun sem miðar að því að uppræta eitthvað sem tilheyrir tungunni sjálfri en telst óheppilegt. Málhreinsun er í hugum fólks oftast tengd óbeit á erlendum áhrifum, einkum á orðaforða. En hin innri málhreinsun á sér aðrar orsakir og þar má sem dæmi nefna viðleitni til að forðast, og fjarlægja úr textum, orð sem á hverjum tíma eru talin dónaleg, niðrandi eða á annan hátt óviðeigandi, t.a.m. af hugmyndafræðilegum eða trúarlegum ástæðum. Þá reynir fólk að forðast að tala um *fávita*, *kynvillinga* og *negra* svo að tekin séu alkunn íslensk dæmi. Angi af þessu er hin femíníska málhreinsun þar sem t.a.m. er leitast við að útrýma starfsheitum sem viðkomandi telur að bendi til karlkyns eingöngu þótt kona gegni starfinu (*verkefnastjóri* verður *verkefnastýra*) eða þegar eldri starfsheitum sem vísa til kyns viðkomandi er breytt í kynhlutlausara orð (*kennslukona* verður *kennari*, *hjúkrunarkona* verður *hjúkrunarfræðingur*).

Hin víða skilgreining Thomas (1991) á hreintunguhyggju hentar vel til að ná utan um málhreinsun af öllu tagi, sem fyrr segir. Einnig mætti í þessu sambandi vísa til hugtaksins *verbal hygiene* (Cameron 1995), þ.e. „málhreinlæti“, sem hafa má um hvers konar afskipti af tungutaki annarra, þ.e. ekki aðeins á sviði hefðbundinnar málvöndunar, heldur nær það líka t.a.m. til femínískrar málstýringar, málstýringartilrauna á sviði kynáttunar og kynhneigðar og í átt að (annarri) pólitískri rétthugsun.

Í *Norsk språkhistorie* er málhreinsunarhugtakið sem sé skilgreint þrengra en hér var lýst. Mér kemur reyndar á óvart að ekki virðist hafa verið sótt í rit Thomas (1991) né heldur Cameron (1995), sem hér voru nefnd, ef

<sup>8</sup> Skilgreininguna hef ég íslenskað á þessa leið (Ari Páll Kristinsson 2017:132): „Hreintungustefna sýnir að málsamfélag eða hluti þess vill vernda tungumál gegn eða losa það við meinta erlenda þætti eða aðra þætti sem taldir eru óæskilegir. Þar á meðal eru þættir sem eiga uppruna sinn í landfræðilegum og félagslegum mállyskum og í mismunandi málsniðum viðkomandi tungumáls. Hún getur beinst að öllum sviðum málsins en þó einkum að orðaforðanum. Framar öðru er hreintungustefna ein hlið stöðlunar, ræktunar og stýringar staðalmála.“

marka má að hvorugt þeirra er að finna í heimildaskrá. Skilgreining á *purisme* er á þessa leið í IV. bindi: „En sprákpólitikk som har som mál á holde et språk rent for fremmede elementer“ (IV:763) og svona í III. bindi: „Å leggje vekt på at språkleg import bør tilpassast strukturen i det heimlege språket og å motarbeide importord (generelt eller frå bestemte språk) innanfor eit visst språk, og å basere utviklinga av ordtilfanget på ordstoff som alt finst i språket eller blir nyskapt av heimlege røter“ (III:521). Um þetta er nánar rætt í 5.1 hér á eftir.

Í I. bindi skrifar Tor Erik Jenstad um orðaforðann í norsku og fjallar einn undirkaflanna sérstaklega um orðaforða um viðkvæm umræðuefni, „Sensitivt ordforråd“ (I,5.7.1–2:502–509), svo sem á merkingarsviðunum kynþættir og kyn. Um líkt efni fjallar Vikør í III. bindi (III,4.5.4.4–8:411–413) og fellir inn í umræðu um málstöðlun á sviði orðaforðans (*ordtilfangsnormering*) almennt. Vikør ritar einnig stuttlega um „[d]en feministiske språkkritikken“ í kafla sínum í IV. bindinu, um tímabilið 1945–2015 (IV,9.5.6.4:646–648). Bæði Jenstad og Vikør ræða m.a. um orðin *neger* og *nordmann* og þann vanda sem m.a. orðabókahöfundar standa frammi fyrir þegar kemur að vali uppflettiorða á vissum merkingarsviðum, að ekki sé talað um merkingarskilgreiningar. Fróðleg upprifjun er þarna m.a. á árangursríkri baráttu Sama fyrir því að orðið *same* yrði notað opinberlega í norsku í stað *finn* og *lappe*. Í sambandi við mál og kyn greinir Jenstad frá fjölda dæma um að málstýring af svipuðum toga hafi borið árangur og rakin eru orð á borð við *politibetjent*, *fagperson*, *stortingsrepresentant* o.s.frv. Komist hafa í almenna notkun fjöldamörg ný heiti í stað orða með t.d. *-mann*, *-kvinne* eða *-dame* í seinni liðnum, sbr. *leiar* og *tiltitsvald* í stað *formann* og *tillitsmann* o.s.frv. Þá má nefna tilraunir til að koma liðnum *-kvinne* á framfæri í heitum þar sem orð með *-mann* var vanalegt, t.d. *talskvinne*, *ankerkvinnu* o.fl. Vikør fjallar auk þess um bannorð ýmiss konar, bölv, orð sem tengjast úrgangsefnum líkamans, kynlífi, ólíkum hópum sem standa höllum fæti (*krøpling* verður *funksjonshemma*), þjóðernishópum (*sigøynar* verður *romfolk*) og fleira.

Ég hefði haldið að hin víðari skilgreining Thomas (1991) sem tekur m.a. til innri málhreinsunar af þessu tagi hefði vel átt erindi í þessa umfjöllun til skýringar og skilningsauka.

#### 4. Heiti tungumála og málstiga

Það er áhugavert athugunarefni að greina heiti á tungumálum veraldar og við hvaða aðstæður og í hvaða samhengi ákveðin heiti eru notuð, hvenær

Þau breytast og hvenær þau eru notuð um tungumál öldum<sup>9</sup> saman eða árbúsundum<sup>10</sup> saman þrátt fyrir að umtalsverðar formbreytingar kunni að hafa orðið í talmálinu, og jafnvel ritmáli. Um skiptingu í tímabil og nöfn á tungumálum og mállýskum, og hugmyndir málnotenda um það á hverjum tíma, er fjallað í sérstökum köflum eftir annars vegar Helge Sandøy og hins vegar Tore Janson í III. bindi norsku málsögunnar (*Ideologi*). Sandøy fjallar m.a. rækilega um tungumál sem „menningarlega stærð“ (no. *kulturobjekt*) í kafla sínum „Idéhistoria om norsk språk“. Hann skýrir ágætlega út hvernig aðgreining í tiltekin tungumál með ákveðna merki-miða (*norska, danska ...*) er fyrst og fremst samfélagsleg og menningarleg fremur en að vera byggð á óumdeilanlegum markalínum.

Når variasjonen er stor, er mogleighetene for kategoriar og grensegangar mange, og det er ikkje-språklege forhold som avgjer fokuseringa og grense-draginga, den som folk etter kvart blir sosialisert til å oppleve som kategorisk. Ut frå den kulturspesifikke situasjonen kan vi sjå ulike ting i dei same kaotiske detaljene; vi kan sjå ulike språk i same dialektale variasjonen. (III,2: 152)

Sú aðgreining að tiltekið form sé afmarkað tungumál með ákveðið heiti er sem sé framar öðru byggð á viðhorfum sem fólk tileinkar sér, í samræmi við það sem haft er fyrir satt í menningarheimi þess á hverjum tíma. Vikør (2007:57) hefur bent á ákveðinn ókost sem fylgt getur þeirri afstöðu að afmörkun eins tungumáls ráðist af „[d]en allmenne oppfatninga i eit samfunn av kva som er eit språk og kva som ikkje er det“. Gallinn er sá að alls kyns (vafasöm?) hugmyndafræði og valdaöfl gætu ráðskast óeðlilega með nafngiftir mála og mállýskna og þær þá orðið óþægilega fjarri því sem við gætum talið „staðreyndir“ um málform og málnotkun. Hér koma einkum við sögu mállýskusamfellur þar sem menningarpólítískar kröfur vakna um að tiltekið málbrigði sé skilgreint sem sérstakt tungumál, þ.e. sjálfstætt *Ausbausprache* svo að gripið sé til hugtaks Kloss (1978). Í þessu sambandi koma t.a.m. í hugann tungur á Balkanskaga (serbneska, króatíska, svartfellska, makedónska, bosníska; allt eru þetta heiti sem farið er að nota) og fleiri dæmi má nefna.

Í *Norsk språkhistorie I–IV* er málsagan öll undir, allt frá rúnum fram til málnotkunar í samtímanum. Það er hins vegar almennt talað áleitinn

<sup>9</sup> Sbr. það viðhorf sem ég tel almennt viðtekið í íslensku málsamfélagi að Njála og Sjálfstætt fólk séu á sama tungumáli, íslensku.

<sup>10</sup> Sbr. trúartengdar hugmyndir um samfellt tamílskt eða samfellt hebreskt ritmál.

spurning í sambandi við ritun málsögu tiltekins „tungumáls“<sup>11</sup> hver sé upphafspunkturinn. Í *Norsk språkhistorie I–IV* kemur fram berum orðum að elstu heimildirnar séu rúnaáletranir (reyndar eru dæmin sótt til Svíþjóðar og Danmerkur, auk Noregs). Heimildir þessar eru frá u.þ.b. 400–700, þ.e. frá því skeiði sem venja er að kalla frumnorrænan tíma (no. *urnordisk*) eins og gert er í ritinu. Höfundur kaflans um setningafræði í I. bindinu, *Mønster* (Endre Mørck), vísar ýmist til slíkra heimilda sem *norsks máls* eða *sammorræns*. Þannig segir hann rúnaheimildirnar gefa „et innblikk i de eldste stadiene av norsk språk“ (I:323) en á næstu síðu: „et inntrykk av noen sider ved syntaksen i det i stor grad fellesnordiske språket i denne tidlige tida“ (I:324). Þessi breytilega hugtakanotkun endurspeglar á vissan hátt vandann við að afmarka „upphafsreit“ norskrar tungu. Víðar í verkinu er sagt frá forsögu norrænnar, svo sem í löngum kafla um þróun hljóðkerfisins („Fra u[r]-nordisk (ca. 200–500) til gammelnorsk (ca. 800–1300)“ (I:107–138)).

Þegar þetta er ritað (júní 2019) eru komin út tvö fyrstu bindin, af sex fyrirhuguðum, af *Dansk Sproghistorie* (1. bindi, *Dansk tager form*, 2016; 2. bindi, *Ord for ord for ord*, 2018). Hér er ekki ætlunin að fjalla neitt um dönsku málsöguna enda er aðeins þriðjungur hennar kominn út. En hvað varðar ákvörðun um val á „upphafspunkti“ í málsöguritun má nefna að í danska ritverkinu er sagan rakin alveg frá elstu rúnaáletrunum, frá því um 150 e.Kr. (sbr. Nielsen 2018:11 o.áfr.). Hér er byggt á hefð. Má í því sambandi benda á að undirtitill I. bindis danskrar málsögu Skautrups (1944) er: „Fra guldhornene til Jyske lov“. Raunar hefst inngangskafli aðalritstjóra nýju dönsku málsögunnar á orðunum „De sidste godt 14.000 år har det været muligt at høre talt sprog i Danmark“ (Hjorth 2016:9).

Það byggist sem sé á hefð í málsöguritun að rekja á þennan hátt fyrri málstig. Norsk málsaga Seips (1931) hefst á inngangi um málaættir og umfjöllun um indóevrópsk mál (bls. 1–4), þá germönsku (bls. 4–7), frumnorrænu fram til 6. aldar (bls. 7–23), tíma stóra brottfalls (bls. 23–38), víkingaöld u.þ.b. 800–1050 (bls. 38–76) en þá tekur við skeið sem Seip nefnir „den eldste gammelnorsk“, 1050–1200 (bls. 76–124) og síðan yngri málstig. Af blaðsíðutölunum má ráða hvernig umfjöllunin verður ítarlegri á hverju tímabili eftir því sem á líður. Í norskrí málsögu Indrebøs (1951 [2001]) er svipaða sögu að segja; sagan hefst á stuttum köflum með fróðleik um málaættir, samanburðarmálfræði, indóevrósk mál, síðan „frum-

<sup>11</sup> Hér hef ég *tungumál* í gæsalöppum til að undirstrika að hugtakið vísar síður til mælanlegrar náttúrulegrar stærðar en til ráðandi hugmynda á hverjum tíma um hvað teljist tungumál og þá um afmörkun þess og einkenni.

nordisk“ til 500, þá „yvirgangstídi“ 500–700, síðan „den norrøne tídi“ 700–1350, áður en kemur að yngri málstigum. Málsaga Skards (1976) fylgir Seip og Indrebø í stórum dráttum; Skard byrjar sína „norsku málsögu“ með kafla um indóevrópsk mál, þá germönsku o.s.frv. fram að því málstigi sem Skard, eins og fleiri, nefnir *norrønt*.

Formálinn að *Norsk språkhistorie I–IV* í heild, sem prentaður er í öllum fjórum bindunum (ásamt formála hvers og eins bindis), hefst á broti úr áletrun á Eggjasteininum úr Sogni frá um 700 (*ni s solu sot uk ni sakse stain skorin*); textinn er síðan þýddur á norsku („Steinen er ikkje oppsøkt av sol, og ikkje er det skore i han med sverd“). Þá segir: „Ei språkhistorie skal forklare korleis det er indrespråkleg samanheng mellom desse to tidsversjonane av norsk språk“ (I:7). Sami texti er prentaður aftan á kápur allra fjögurra bindanna. Litið hefur verið svo á að Eggjasteinninn sýni yngstu frumnorrænu eða málstig sem standi tiltölulega nærri norrænu (sjá Skard 1976:32). Tímabilaskipting *Norsk språkhistorie I–IV* og nafngiftir eru skv. formála verksins þannig, í stórum dráttum, að á eftir *urnordisk* fram til um 700 fylgi *gammalnorsk* til 1350 (síðan *mellomnorsk* til 1536 og loks *moderne norsk*). Af samhenginu í formálanum er því svo að skilja sem *gammalnorsk* hefjist á málstigi Eggjasteinsins.<sup>12</sup> Hugtakanotkun ritstjóra, í tilvitnuninni hér á undan, felur í sér, með tilvísun til Eggjasteinsáletrunarinnar, að síðasta skeið frumnorrænu og allra elsta stig norrænu hafi verið eins konar norska (no. „tidsversjon av norsk språk“).

Í formála ritsins segir sem sé að Eggjasteinsáletrunin sé ákveðin útgáfa af norskri tungu. Þeir sem hafa gaman af hártogunum gætu spurt hvort þörf hefði verið á að þýða áletrunina yfir á „norsku“, eins og gert er í formálanum, úr því að um er að ræða „sama tungumál“. En hér komum við aftur að því grundvallaratriði sem fjallað var um hér á undan: Afmörkun þess hvað telst vera „tungumál“, aðgreint frá öðrum „tungumálum“, ræðst ekki eingöngu og einfaldlega af því hvort það eru mjög mismunandi málafbrigði, ólík form — hvort heldur viðkomandi form eru aðgreind í tíma eða í rúmi — eða hvort þau eru jafn-skiljanleg öllum málnotendum þessa sama „máls“. Ef sú sannfæring er ríkjandi í tilteknu málsamfélagi að viðkomandi breytileiki falli undir „sama málið“ þá er það hreint og beint gildur veruleiki á þeim forsendum.

<sup>12</sup> Enda þótt hugtakið *norsk språk* mætti mögulega túlka sem „mál í Noregi“ þá er þess að gæta að norðurgermanska var ekki ein um hituna í Skandinavíu heldur í sambylí við finnsk-úgrísk mál a.m.k. frá því kringum Krists burð (II:434). Þannig eru frumnorrænar rúnir raunar tæpast heimildir um elstu málnotkun á svæðinu.



Hafi t.d. Norðmenn þá sannfæringu að norræna (no. *gammalnorsk*) sé „norska“, í einhverjum skilningi þess hugtaks, þá á sá skilningur fullt erindi í norska málsögu og skráningu hennar. Hér er vissulega verið að vísa til hugmynda nútímamanna um hvað sé tiltekið tungumál (í þessu tilfelli norska) og hvenær saga þess hafi hafist. Sandøy bendir á það í kafla sínum í III. bindi, um hugmyndir um norska tungu, að þess verði tæpast vart í heimildum fyrr en á 16.–17. öld að litið sé á norsku sem tiltekið tungumál, *norsk* (III,2:176–179). Fólki í Noregi hafi þó verið þess meðvitað, a.m.k. á síðari hluta 16. aldar, að mállýskumunur væri á íslensku og norsku og að „nordmenn ság det slik at islandsk låg nærast det gamle norske språket“ (III,2:177).

Í niðurlagi umfjöllunar Jansons í kafla III,5, „Förändring av uppfattningar om språk i Norge och omvärlden“, segir höfundur frá íslensku biblíuþýðingunni á 16. öld. Hann segir að siðaskiptin hafi kallað á að „det var nödvändigt att skapa en bibeltext som befolkningen kunde läsa och förstå“ (III,5.2.2.5:450). En af textanum má ráða að Janson hefur hvorki áttað sig á því að hlutar biblíunnar, sem og margir aðrir trúarlegir textar, hefðu löngu fyrr verið þýddir á íslensku/norrænu, né heldur á þeim hugmyndum Guðbrands Þorlákssonar að mikilvægt væri að sýna virðingu hinu gamla „norrænumáli“. Janson segir að biblían 1584 hafi verið „översatt till det språk som först vid den här tiden började kallas isländska“ (s.st.). Það er vissulega rétt að heitið *íslenska* og sagnorðið *íslenska* komu fyrst fram um miðja 16. öldina. Nafngiftin fól hins vegar ekki í sér þá breytingu að litið væri svo á að nú hefði nýtt mál orðið til í stað norrænu enda var heitið *norræna* notað áfram meðfram orðinu *íslenska* á 17. og 18. öldinni og jafnvel lengur (Ari Páll Kristinsson 2018:15). Fremur má ætla að Íslendingar hafi verið farnir að átta sig betur á því að móðurmál þeirra var nú annað en grannþjóðanna, þ.e. að Íslendingar voru orðnir einir um þetta mál sitt.

Það samhengi sem íslenska biblíuþýðingin er sett í hjá Janson er svo lítið sérstakt. Hér hefði höfundur t.a.m. mátt nýta sér íslenska málsögu Stefáns Karlssonar (1989) sem er fánleg í enskri þýðingu (*The Icelandic language*, 2004; þá gerð er að finna í heimildaskrá IV. bindis en ekki hinna þriggja). Þar er m.a. sagt frá þýðingum kristilegra texta yfir á íslensku fyrr og síðar. Norrænar þýðingar á hlutum biblíunnar og öðrum trúarlegum textum eiga sér eldri sögu en frá siðaskiptum enda þótt þýðingar Odds og Guðbrands hafi markað þáttaskil í þýðingasögunni. Um hvatann að þýðingarstarfinu segir Stefán Karlsson (1989:28) m.a.:



Vegna þess hve Íslendingar voru handgengnir bókum á móðurmáli hefur íslenskum siðbreytingarmönnum þótt annað óhugsandi en að koma upp öllum tegundum kirkjulegra rita á íslensku þó að frændur vorir Norðmenn og Færeyingar yrðu að láta sér duga danska biblíu og önnur guðsorðarit.

Janson heldur því fram að við þessi tímamót, á 16. öldinni, hafi samhengið rofnað milli íslensku og „gamla ritmálsins í Noregi“:

Därmed försvann den formella samhörighet med det gamla skriftspråket i Norge som dittills hade funnits. Det isländska skriftspråket har förblivit konservativt, men det är inte det gamla norröna språket utan ett nyare språk som används enbart på Island. (III,5.2.2.5:450)

Ég myndi ekki skrifa undir þessar málsögunskýringar Jansons án athugasemda enda átta ég mig ekki á því hvað höfundur á við með rofni samhengi íslenskunnar við „det gamla skriftspråket i Norge“.

Janson styður staðhæfingar sínar um íslensku biblíuþýðinguna ekki rökum eða tilvísunum og reyndar ekki heldur það sem hann segir um aðskilnað íslensku og norrænu („det gamla skriftspråket i Norge“(?!)). Eins og tilvitnuð orð sýna er Janson á því að íslenskt ritmál sé enn íhaldsamt en það sé ekki norræna heldur yngra tungumál. Í þeirri sögu liggur þó miklu meira sem þarna er ósagt.

Í málsögu Indrebø (1951[2001]:251–255) var sambandi nútímaíslensku og norrænu lýst af meiri þekkingu og nákvæmni. Indrebø segir að íslenska hafi breyst mikið frá því á söguöld og tiltekur nær eingöngu hljóðkerfisbreytingar í því sambandi (1951[2001]:251–253). Hann bendir svo á að Íslendingar hafi notað „det norrøne *skriftmålet* sitt“ (1951[2001]:253, leturbr. Indrebø) og leggur áherslu á þátt bókmenntanna í íslenskri málsögu. Hann bendir á að enda þótt tökuorð og erlend orðaröð hafi gert vart við sig hafi mestu máli skipt að siðskiptabókmenntirnar voru, hvað sem öðru líður, á íslensku en ekki öðru máli (1951[2001]:254). Hann bendir réttilega á að íslensk stafsetning sé „heller gamalvoren“ sem valdi því „at me ikkje kann sjå av skriftformi kor ulikt det nyslendske målet i røyndi er gamal-íslandsk på mange vis“ (1951[2001]:254). Indrebø heldur því til haga að vegna ákveðinnar íhaldssemi í rithættinum geti Íslendingar enn í dag vandræðalaust lesið norrænar og íslenskar gullaldarbókmenntir:

[K]vart íslenskt barn som lærer lesa, fær i attpågåva at det samstundes lærer å skyna meisterstykker i or den gamle litteraturen på Island. Dette gjev lang samanheng, og gjev sersvip og styrke til det íslenske kulturlivet. (Indrebø 1951[2001]:254)

Fyrrgreind staðhæfing Jansons um að íslenska sé ekki norræna heldur yngra tungumál er að mínu mati yfirborðsleg lýsing í samanburði við ofangreinda umfjöllun Indrebø's. Orð Jansons verða mér þó hér tilefni til að fara svolítið nánar út í þessa sálma.

Margt fólk sem talar íslensku hefur tileinkað sér það útbreidda menningarviðhorf frá blautu barnsbeini að íslenska sé ein og sama tungan frá elstu heimildum til okkar tíma. Þetta má heita ríkjandi viðhorf í íslenskri málmenningu. Þótt vitað sé að miklar hljóðkerfisbreytingar hafi orðið, einkum hvað varðar hljóðgildi sérhljóða og atkvæðagerð, og allnokkrar á beygingum og setningafræðilegum ferlum, auk orðasafns, þá þarf það ekki að kollvarpa þeirri hugmynd að um „sömu tungu“ sé að ræða. Hér má hafa í huga áður tilvitnuð orð Sandøys um að „det er ikke-språklege forhold som avgjer fokuseringa og grensedraginga“ (III,2:152).

Vandfundinn er íslenskur málhafi sem gæti ómögulega skilið þessa klauðu úr 33. kapítula Njáls sögu:

Gunnar reið til búðar Rangæinga og var þar með frændum sínum. Margur maður fór að finna Gunnar og spyrja hann tíðinda. Hann var við alla menn léttur og kátur og sagði öllum slíkt er vildu.

Hvort heldur við segjum þennan texta ritaðan á *norrænu* eða *danskri tungu*, eins og gert var á 13. öldinni, eða notum hugtakið *íslenska*, eins og farið var að gera um miðja 16. öld, þá er málið á textanum í raun ekkert annað en það sem við í dag köllum íslensku.<sup>13</sup>

Ég hef notað þá líkingu (Ari Páll Kristinsson 2017:66–67) að skoða mætti mismunandi málstig í íslenskri málsögu í sama ljósi og aðrir sjá mismunandi mállýskur í hinum norrænu málunum, þ.e. að muninum á fornu og nýju íslensku máli megi líkja við tvær mállýskur sem vísa til sama málstaðals. Enginn efast um að til sé „danska“ þótt mállýskur og málafbrigði í dönsku megi, í samtímalegu ljósi, teljast ólík á sviði hljóðkerfis og orðaforða. Danskann hefur eitt sameiginlegt ritmál og ritmenn-

<sup>13</sup> Um og eftir 1980 var í boði námskeið í íslensku í Háskóla Íslands sem nefndist *Íslenskt mál að fornu* og þar lásu við kennslubækur sem hétu *Norrøn grammatikk* (Iversen 1961) og *Norsk språkhistorie* (Skard 1976). (Svipað námskeið í íslensku í HÍ í dag nefnist hreinlega *Fornmálið*.) Úr heiti námskeiðsins eins og það var fyrir 40 árum má vel lesa það viðhorf, eða málpólitísku afstöðu, að fyrst og fremst sé um að ræða íslensku; fornmálið sé fyrst og fremst íslenskt mál, en það sé nánar tiltekið íslenskt mál á söguöld eða þar um bil (*að fornu*). Á íslensku er vanalega talað um *forníslensku*, *fornmál* eða *norrænu* þegar sérstaklega er vísað til tímans fram til 15.–16. aldar en um síðari málstig er sagt t.a.m. *síðari alda íslenska*, *nútímamál*, *nútímalsenska*.

ingu. Íslenska frá upphafi til okkar daga er í raun með sambærilegum hætti tengd saman með samfelldri málhefð sem ekki hefur rofnað.

Til slíkrar samfellu í ritmáli er sérstaklega vísað hjá Guðmundi B. Kristmundssyni, Baldri Jónssyni, Höskuldi Þráníssyni og Indriða Gíslasyni (1986:27) þar sem þeir fjalla um hugtakið *varðveisla íslenskrar tungu*: „Með varðveislu íslenskrar tungu er átt við að halda órofnu samhengi í máli frá kynslóð til kynslóðar, einkum að gæta þess að ekki fari forgörðum þau tengsl sem verið hafa og eru enn milli lifandi máls og bókmennta allt frá upphafi ritaldar“.

Íslenska er ekki eina dæmið um að tiltekið málsamfélag hafi tileinkað sér það sem viðtekna afstöðu að tunga þess sé ein og hin sama og fyrir hundruðum ára. Enska Shakespeares er venjulega skilgreind sem nútímaenska þrátt fyrir breytingar á hljóðkerfi, orðaforða o.fl. fram til vorra daga. Tamílska hefur verið kölluð ein elsta tunga heims sem enn er í notkun. Elstu heimildir á tamílsku eru frá 5. öld fyrir Krist og nú tala 60–70 milljónir manna tamílsku. Talmál og framburður hefur breyst mikið en viðtekið sjónarmið Tamíla (m.a. af trúarástæðum) er að tamílskan sé þó enn sama málið; fyrst og fremst er þar vísað til ritmálsins.

Í þessu sambandi má reyndar taka undir með Janson þar sem hann fjallar um heiti mismunandi skeiða í sögu tungumála og notkun heitanna í norskrí málsögu:

Förflyttar man sig bara något hundratal år tillbaka i tiden är det naturligt att se det tidigare systemet som en variant av det nutida, men långt tillbaka är olikheterna med det nutida systemet mycket stora, så att det blir naturligare att se det som ett annat system som gärna bör benämnas med ett annat namn. (III,5:424)

Þar sem enn eru veruleg líkindi með nútímaíslensku og norrænu ætti ekki að teljast nein goðgá að nota heitið *íslenska* um bæði málstigin með nánari afmörkun (fornmál, nútímamál o.s.frv.) eftir því sem samhengi kallar á hverju sinni.

## 5. Skrár, skýringar og frágangur í norsku málsögunni

### 5.1 Hugtakaskrár

Í lok hvers bindis er ítarleg atriðisorðaskrá og þar er einnig að finna skrár um þau nöfn fólks og staða sem koma fyrir í viðkomandi bindi. Í II. bindi er auk þess sérstök (og nytsamleg) skrá um nöfn, og liði í nöfnum, sem fjallað er um í 4. kafla, „Namn“.

Auk atriðisorðaskráa er mikils um vert að í hverju bindi er að finna iðorðaskrá með skýringum; margar skýringanna eru þannig úr garði gerðar að beinlínis er um að ræða skilgreiningu viðkomandi hugtaks. Að umfangi eru iðorðaskrár þessar 10 og upp í 20 síður í hverju bindanna. Því má ugglaut telja að einkar mikill fengur sé að iðorðaskránum fyrir stúdenta og almenning, sem og fyrir þá málfræðinga sem þarfnast upp-rifjunar í öðrum geira málvísindanna en þeim sem hverjum er hugleikn-astur dags daglega.<sup>14</sup>

Eins og vikið verður nánar að hér fyrir neðan eru skýringarnar einnig til þess fallnar að lesandi átti sig svolítið á því hvernig höfundar og ritstjórar staðsetja sig gagnvart viðfangsefninu og málfræðikenningum enda hafa ýmis málfræðihugtök mismunandi innihald eftir því hver nálgunin er.

Í *Norsk språkhistorie I–IV* eru skýringar (skilgreiningar) í þessum skrár flestar afar knappar. Mér virðist sem þær hitti þrátt fyrir það yfir-leitt í mark og ná kjarnanum í viðkomandi hugtaki. Sem dæmi um stuttar skýringar má hér nefna tvö hugtök, úr ólíkum áttum, *gotnesku* og *aukaföll*: „**gotisk**: Utdøydd austgermansk språk“ (III:518); „**oblike kasus**: Samle-nemning for akkusativ, genitiv og dativ“ (I:644).

Hinar lengri skýringar hafa sums staðar að geyma dæmi til skilnings-auka, t.d. „**spørjesetning**: → Heilsetning som normalt blir brukt til å stille spørsmål for å søke informasjon om noko: *Levde kongen lenge? Hvem levde lenge?*“ (I:649). Norska hugtakið *heilsetning* er skýrt annars staðar í skránni eins og örin bendir til. Athygli mína vekur að enda þótt hugtakið *spørjesetning* hafi verið útskýrt með dæmum, eins og hér var sýnt, er yfir-hugtakið *setning* útskýrt í mjög stuttu máli, án skýringardæmis: „**setning**: Ytring som normal inneheld eit subjekt og eit finitt verb“ (I:648). Hug-takið *ytring* er raunar ekki að finna í skránni.

Einn kostur við það verklag að ritstjórar gefi hugtakaskýringar er vissulega sá að aðrir málfræðingar hafa þar með betra tækifæri til að átta sig á því hvernig höfundar og ritstjórar verksins nota eða skilja ýmis hug-tök eins og þegar hefur verið dregið á. Hér á ég við hugtök sem notuð hafa verið á mismunandi hátt í gegnum tíðina í málvísindaritum, austan hafs og vestan. En vitaskuld á þetta ekki við um nema hluta hugtakanna.

<sup>14</sup> Til samanburðar kemur í hugann að aftast í I. og III. bindi *Íslenskrar tungu* (2005) eru skrár um málfræðihugtök með enskum og íslenskum jafnheitum. Þær eru góðar til síns brúks en enn betra hefði verið að hafa þar efnislegar skýringar, eins og gert er í *Norsk språkhistorie I–IV*.

Ég get t.d. ekki ímyndað mér ólíka nálgun á hugtök á borð við „**alveoli**: Kammen bak tennene i overmunnen der den harde ganen begynner“ (IV:750).

Í ýmsum öðrum tilvikum kann fræðimenn að greina lítillega á eða þeir hafa vanist mismunandi skilningi ákveðins hugtaks. Þá er ekki verra að hafa íðorðaskrárnar til að glöggva sig á þeirri stefnu sem höfundar og ritstjórar hafa tekið. Þetta gæti t.d. átt við um hugtakið „**purisme**: En språkpolitikk som har som mål å holde et språk rent for fremmede elementer“ (IV:763). Nú er það svo, eins og rætt var í 3. kafla hér á undan, að hreintunguhyggjuhugtakið er stundum haft um þá stefnu að vilja losa sig við máleinkenni sem talin eru óæskileg hvort heldur þau eru erlend að uppruna eða sprottin úr málsamfélaginu án þess að þar gæti endilega erlendra áhrifa (sbr. Thomas 1991:12). Með því að glugga í íðorðaskrá *Norsk språkhistorie* í IV. bindi ætti lesandi að geta átt sig á því að þar hafa ritstjórar og höfundar sem sagt lagt nokkuð þrengri merkingu í hugtakið (sbr. orðalagið „rent for fremmede elementer“). Þegar lesandi grípur niður í íðorðaskrá III. bindis kemur reyndar í ljós að þar er hið sama hugtak skýrt á svölítið annan hátt en í IV. bindinu þótt skýringin sé í sjálfu sér ekki í neinni mótsögn við skilgreininguna þar: „**purisme**: Å leggje vekt på at språkleg import bør tilpassast strukturen i det heimlege språket og å motarbeide importord (generelt eller frå bestemte språk) innanfor eit visst språk, og å basere utviklinga av ordtilfanget på ordstoff som alt finst i språket eller blir nyskapt av heimlege røter“ (III:521). Í III. bindi er því skilgreiningin að því leyti önnur en í IV. bindi að í stað þess að tala almennt um „fremmede elementer“ (IV:763) er nú tilgreind aðlögun tökuorða og bætt við því skylda atriði að af hreintunguhyggju leiði að málauðgun innan orðaforðans byggist einkum á heimaefengnum orðhlutum. Þetta misræmi milli III. og IV. bindis er svölítið undarlegt og ekki síst ef þess er gætt að bindin tvö komu út sama ár (2018). En vitaskuld standa að þeim mismunandi kaflahöfundar og bindisritstjórar.

Ég hef rekist á dæmi þar sem virðist vanta millivísun: „**preskriberte normer**: Fastsette normer“ (III:521). Lesandi myndi þá ætla að „Fastsette normer“ væri eina skýringin sem boðið er upp á. Hún er heldur rýr. Enda er tilfellið að hægt er að fletta upp hugtakinu og undir skýringunni á því er heldur meira að hafa: „**fastsette normer**: Språknormer som er fastsette på formelt vis av eit organ som har myndigheit til det“ (III:517). Hér hefði sem sagt verið gott að vísa með ör (→) úr *preskriberte normer* í sjálfa skilgreininguna á *fastsette normer*.

Enda þótt ýmislegt smálegt hafi hér verið tínt til skal ítrekað að iðorðaskrár þessar með skýringum eru til mikillar fyrirmyndar og auka gildi verksins verulega.

## 5.2 Myndir og kort

Það verður að segjast að vel hefði mátt hafa fleiri kort og skýrari þar sem fjallað er um einstök atriði í máli og samfélagsháttum. Þetta aðfinnsluatriði kann þó að vera léttvægara í hugum norskra lesenda heldur en það er með mínum augum sem útlendings; jafnvel þeir sem þekkja svolítið til í Noregi kveikja ekki alltaf á þerunni sjálfkrafa þegar dalir, bæir og byggðarlög eru nefnd á nafn. Fyrir ókunnuga hefði t.d. verið ákjósanlegra að hafa kort þar sem sæist hvar í Noregi Hallingdal (Haddingjadalur) er heldur en ljósmyndina af 19. aldar málverki af sveitinni (I:236). Kortið á bls. II:169 um mállýskusvæði á norrænum tíma er hins vegar til fyrirmyndar. Og sama er að segja um kortin í köflum Sandøys um þróun talaðrar norsku frá 1600 til miðrar 20. aldar (II:190–231).

Sumar myndanna í *Norsk språkhistorie I–IV* hafa að mínu mati takmarkaða tengingu við textann. Það er t.d. vel í lagt að leggja heila blaðsíðu undir tvær myndir af fiðrildum (I:451), annars vegar á flugi og hins vegar á skordýrasafni; tengingin er sú að í bókartextanum er vitnað til myndlíkingar Jean Aitchison um annars vegar orð í notkun (sbr. lifandi fiðrildi) og hins vegar orð í orðabók „som ei samling av døde sommarfluglar som er pinna fast, klassifiserte og systematiserte“ (I:452). Og ekki átta ég mig heldur vel á því hvaða erindi útskorin ölkrús frá Guðbrandsdal á við lesandann (IV:392). Í samræmi við gamalgrónar hefðir er ritið nokkuð skreytt með myndum af (karl)málfræðingum fyrri tíma.<sup>15</sup>

Vissulega má segja að hvers konar myndir geri sitt til að létta yfirbragð ritverka af slíku risaumfangi sem *Norsk språkhistorie I–IV* er. Þær geta líka verið ágætlega skemmtilegar, t.d. er viss húmor í myndinni af Gustav Indrebø með grautarpott (III:110).

Konungsskuggsjá virðist vera hugleikin aðstandendum ritsins: á a.m.k. fjórum ólíkum stöðum er splæst í heilsíðumyndir úr henni en úr mismunandi handritum: AM 243 b alfa fol. (I:333 og IV:238), AM 243 e

<sup>15</sup> Ef lítið er til gamans í þriggja binda verkið *Íslensk tunga* (2005) til samanburðar kemur í ljós að í fyrsta bindinu eru tvær mannamyndir, af Rasmusi Rask og Alexander Jóhannessyni, og í öðru bindinu tíu slíkar myndir, í kaflanum um rannsóknarsögu íslenskuunnar. En engin málfræðingamynd er í þriðja bindinu.

fol. (I:535) en þess er ekki getið hvert heilsíðumyndin á bls. III:442 er sótt; handritið er sýnilega hvorugt hinna fyrrnefndu.

### 5.3 Málnotkun og frágangur

Frágangur er prýðisgóður og bækurnar eru vel úr garði gerðar, á góðum pappír og í fallegu bandi. Bindin fjögur reynast merkilega handhæg í notkun þrátt fyrir þykkt og umfang.

Kaflarnir í bindunum fjórum eru ýmist skrifaðir á bókmáli eða nýnorsku, eftir því sem höfundar sjálfir kusu. Ritstjórar lögðu ekki fyrir höfunda á hvaða málformi þeir skyldu skrifa en gerðu þá kröfu að hver höfundur héldi sig innan viðurkennds opinbers ritháttar annars hvors ritmálsins; annaðhvort yrði að miða við opinberu bókmálsstafsetninguna frá 2005 eða nýnorsku stafsetninguna frá 2012 (Nesse og Sandøy 2017:22). Ritstjórnartextar I. og III. bindis eru skrifaðir á nýnorsku og ritstjórnartextar II. og IV. bindis á bókmáli. Undantekningu verður að nefna: Kafli 5 í III. bindi, eftir Tore Janson: „Förändring av uppfattningar om språk i Norge och omvärlden“ (III:421–476), er allur á sænsku.

EKKI hef ég lagst í prófarkalestur á þessu mikla verki en fáein atriði hafa orðið á vegi mínum. Misritast hefur nafn íslenskrar 13. aldar lögbókar og hún nefnd „*Járnsía*“ (III:450). Þá hefur nafn Jóhannesar L. L. Jóhannssonar misritast „*Jóhansson*“ (III:493). Óheppileg ritvilla, „unordisk“ í stað *urnordisk*, hefur slæðst inn í fyrirsögn eins kafla í fyrsta hluta fyrsta bindis (I:107). Í skráum um hugtök (sjá hér á undan) er ósamræmi í því hvort hafður er punktur eða ekki í lok skýringar. Fallið hefur niður í heimildaskrá, í III. bindi, heimildin „*Ammon (2004)*“ sem þó er vísað til (III:235). Sérkennilegur þykir mér myndatextinn við heilsíðumynd af blaði 51r úr Jónsbók AM 350 fol. Þar segir: „*Illumination ur den norröna lagboken Jónsbók*“ (III:449). Jónsbók hefur að geyma íslensk lög sem byggð voru á norskum lögum sem fyrirmynd og staðfest af Noregskonungi. Vissulega er hún rituð á norrænu máli en myndatextinn um „*norræna lögbók*“ er villandi.

## 6. Lokaorð

Vesturnorræna, hinn sameiginlegi grunnur norsku, færeysku og íslensku, þróaðist í mismunandi áttir og því er mikilvægt fyrir íslenska málfræðinga og áhugafólk um málsögu að skoða norsku þróunina, ekki aðeins vegna þess hve áhugaverð hún er í sjálfu sér, heldur einnig sérstaklega



vegna hinna sameiginlegu róta og þess sem samanburðurinn leiðir í ljós til skilningsauka á þróun íslenskunnar.

Veigamikill þáttur í því að gera norskrri málsögu skil hlýtur að snúa að breytileika í talmáli og að mállýskumun. Norskar aðstæður eru augjóslega að nokkru aðrar en á Íslandi; íslenskan er tiltölulega einsleit um land allt og merkilega litlar grundvallarbreytingar hafa orðið á henni gegnum tíðina, að frátöldu sérhljóða- og lengdarkerfi. Það er ekki síst í þessum samanburði sem norsk málsaga er geysilega fróðleg og áhugaverð fyrir íslenskan lesanda. Áhrif annarra tungumála voru einnig meiri og annars konar á norsku en á íslensku — hér vegur þýngst grundvallarmunur á dönskum áhrifum í Noregi og á Íslandi — og margt fleira hefur verið ólíkt í samfélagi og landsháttum.

*Norsk språkhistorie I–IV* er tímamótarit. Fyrirsjáanlegt er að verkið á ekki aðeins erindi við þá sem huga eingöngu að norskrri málsögu. Hinir almennu kaflar um mál, málbreytingar og málsamfélag hafa margir hverjir sérstakt gildi. Yfirleitt hefur vel tekist til við að samtvinna umfjöllun um málkerfi, málnotkun, málviðhorf og framvindu í tíma. Og einstakir kaflahöfundar hafa sýnilega fengið viðunandi svigrúm til eigin túlkunar og framsetningar á rás málsögunnar, áhrifavöldum og orsakasamhengi.

Merk nýjung og sterkt einkenni á norsku málsögunni sem varð tilefni þessarar greinar er hin ríka áhersla sem lögð er á málviðhorf og hugmyndafræði. Á bak við það liggur meðal annars sú hugsun að ekki sé hægt að skrifa (mál)sögu án þess að hún sé meðvitað eða ómeðvitað lituð af hugmyndum og málmenningu þeirra sem skrifa. Hugmyndir málnotenda um mál sitt og málnotkun eru órjúfanlegur hluti málsögu og málþróunar. Sögu hugmynda og viðhorfa þarf því að rekja og skýra fyrir lesendum, alls ekki síður en framburðarsöguna, beygingasöguna o.s.frv. Nálgunin í *Norsk språkhistorie I–IV* er að þessu leyti skynsamleg og nútímaleg og mætti hafa sem fyrirmynd við ritun íslenskrar málsögu þegar þar að kemur.

#### HEIMILDIR

- Ari Páll Kristinsson. 2012. Íslensk málhugmyndafræði andspænis hernámi 1940. *Skírnir* 186:464–479.
- Ari Páll Kristinsson. 2017. *Málbeimar. Sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ari Páll Kristinsson. 2018. „Hann þýskaði yfir sig.“ Nokkur orð um það að íslenska, norska, danska, enska ... *Þórðargleði slegið upp fyrir Þórð Inga Guðjónsson fimmtugan 3. desember 2018*, bls. 14–17. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík.

- Cameron, Deborah. 1995. *Verbal Hygiene*. Routledge, London.
- Coupland, Nikolas, og Tore Kristiansen. 2011. SLICE: Critical perspectives on language (de)standardisation. Tore Kristiansen og Nikolas Coupland (ritstj.): *Standard Languages and Language Standards in a Changing Europe*, bls. 11–35. Novus, Osló.
- Deumert, Ana, og Wim Vandenbussche. 2003. Standard languages. Taxonomies and histories. Ana Deumert og Wim Vandenbussche (ritstj.): *Germanic Standardizations. Past to Present*, bls. 1–14. John Benjamins, Amsterdam/Philadelphia.
- Guðmundur B. Kristmundsson, Baldur Jónsson, Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason. 1986. *Álitsgerð um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum. Samin af nefnd á vegum menntamálaráðherra 1985–1986*. Rit Kennaraháskóla Íslands. B-flokkur: fræðirit og greinar 1. Reykjavík.
- Haugen, Einar. 1966a. *Language conflict and language planning. The case of Modern Norwegian*. Harvard University Press, Cambridge.
- Haugen, Einar. 1966b. Dialect, Language, Nation. *American Anthropologist* 68(4):922–935.
- Hjorth, Ebba. 2016. Dansk Sproghistorie. Ebba Hjorth (aðalritstj.): *Dansk Sproghistorie 1. Dansk tager form*, bls. 9–13. Aarhus Universitetsforlag, Árósum.
- Indrebø, Gustav Ludvig. 1951. *Norsk målsoga*. 1. útg. John Griegs boktrykkeri, Bergen. [2. útg. aukin og bætt 2001. Norsk bokreidingslag, Bergen.]
- Iversen, Ragnvald. 1961. *Norrøn grammatikk*. 6. útg. endursk. Aschehoug, Osló.
- Íslensk tunga I–III*. 2005. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jahr, Ernst Hákon. 2003. Norwegian. Ana Deumert og Wim Vandenbussche (ritstj.): *Germanic Standardizations. Past to Present*, bls. 331–353. John Benjamins, Amsterdam/Philadelphia.
- Kloss, Heinz. 1978. *Die Entwicklung neuer germanischer Kultursprachen seit 1800*. 2. útg. Schwann, Düsseldorf.
- Kristján Árnason. 2002. Upptökt íslensks ritmáls. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 24:157–193.
- Kristján Árnason. 2003. Icelandic. Ana Deumert og Wim Vandenbussche (ritstj.): *Germanic Standardizations. Past to Present*, bls. 245–279. John Benjamins, Amsterdam/Philadelphia.
- Nesse, Agnete, og Helge Sandøy. 2017. Om málform(ene) i Norsk språkhistorie. *Ordet* 3/2017:22.
- Nielsen, Michael Lerche. 2018. Runetiden. Ebba Hjorth (aðalritstj.): *Dansk Sproghistorie 2. Ord for ord for ord*, bls. 11–25. Aarhus Universitetsforlag, Árósum.
- Seip, Didrik Arup. 1931. *Norsk språkhistorie til omkring 1370*. 1. útg. Aschehoug, Osló.
- Skard, Vemund. 1976. *Norsk språkhistorie. Bind 1 – Til 1523*. 3. útg. Universitetsforlaget, Osló/Bergen/Tromsø.
- Skautrup, Peter. 1944. *Det danske sprogs historie*. Første bind. Fra guldhornene til Jyske lov. Gyldendalske boghandel, Kaupmannahöfn.
- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. *Íslensk þjóðmenning VI*. Munnmenntir og bókmenntir, bls. 3–54. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Stefán Karlsson. 2004. *The Icelandic language*. Viking Society for Northern Research, University College London, London.
- Thomas, George. 1991. *Linguistic Purism*. Longman, London/New York.
- Vikør, Lars S. 2007. *Språkplanlegging. Prinsipp og praksis*. 3. útg. Novus, Osló.

S U M M A R Y

‘History of a language and its users.  
Some considerations prompted by the recent publication  
of a history of Norwegian’

**Keywords:** Norwegian, Icelandic, historical linguistics, language ideologies, language names

Helge Sandøy and Agnete Nesse (chief eds.). 2016–2018. *Norsk språkhistorie I–IV* (I. *Mønster* 2016, II. *Praksis* 2018, III. *Ideologi* 2018, IV. *Tidslinjer* 2018; 681 + 698 + 548 + 798 pp.). Novus, Oslo.

In this review article, the recently published Norwegian language history is described and discussed. The aim of the paper is, among other things, to look at the Norwegian publication as a potential model for a comprehensive Icelandic language history, as none such has as yet been written.

The contents, principal aims, and disposition in this four volume Norwegian language history is discussed, both in general terms, and also by drawing special attention to a few individual strands, in particular from an Icelandic point of view, notably concerning language beliefs and language management, and on the question of demarcation of languages, periods in language history, and names of languages and varieties.

This Norwegian publication stresses the role of language ideologies as an integral part of language, language use and language change. It is concluded that, for the present day reader, this is a major advantage, and a step forward compared to the older language histories.

*Ari Páll Kristinsson*  
*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*  
*Laugavegi 13*  
*IS-101 Reykjavík*  
*ari.pall.kristinsson@arnastofnun.is*